

Fundur í skólaráði

haldinn 15.01.2015

Mæting: Jónas Fjeldsteð fulltrúi foreldra, Kristján Meldal fulltrúi starfsmanna grunnskóla, Sigrún Ósk Jóhannesdóttir fulltrúi nemenda, Eyrún Eik Gísladóttir fulltrúi nemenda, Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri, Sigríður Fjóra Mikaeladóttir fulltrúi foreldra, Sigríður Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóla og Þórey Björk Þórisdóttir fulltrúi foreldra. Hugrún Thorlasius fulltrúi annarra starfsmanna boðaði forföll.

1 Fjárhagsáætlun Auðarskóla 2015 lögð fram til kynningar.

Eyjólfur svarði spurningum fundarmanna um fjárhagsárið 2015.

2 Reglugerð um ábyrgð og skyldur í skólasamfélaginu.

Lögð fram til umræðu . Rætt um 3. kafla 6. gr. ; *jákvæður skólabragur og starfsandi*. Fyrir liggur verkefni að gera drög að stefnu Auðarskóla um jákvæðan skólabrag. Hugsað sem verkefni næsta fundar. Jafnréttisáætlun þarfnast endurskoðunar.

3 Facebookhópar skólans.

Rætt um reynslu fólks af hópunum, hvernig gengur að nota síðuna og annað slíkt. Jákvætt skref. Umræða um myndatökur, myndbirtingar og leyfi frá foreldrum um slíkt.

4 Önnur mál.

A) Rætt um morgunmat; tímasetningu. Komu fram sjónarmið um að hafa morgunmat fyrir á morgnana.

B) Erindi um lengri viðveru barna (15.00 – 17.00). Spurning um að gea könnun meðal foreldra hvort forsenda er fyrir slíku. Hver væri vettvangur þess – ef til vill íþróttar og tómstundaráð. Skólaráð ætlar að gera könnun meðal foreldra, í gegnum foreldrafélagið, á þörf þeirra á lengri vistun fyrir börn.

C) Það vantar varamann hjá foreldrum í skólaráð.

D) Rætt um Mentor.

Fundarritari Sigríður Jónsdóttir.